

Heimilt er skólastjóra að vísa nemanda frá námi ef hann hefur ekki sinnt því um lengri tíma eða hefur gerst brotlegur við reglur skólans og ekki látið skipast við áminningu.

Rísi ágreiningur um skólavist nemanda skal stjórn skólans úrskurða í málinu.

15. gr.

Starfstími skólans er 9 mánuðir árlega og skulu leyfis dagar fara eftir skóladagatali fyrir grunnskóla.

Viðverutími kennara og vinnuskylda fer eftir gildandi kjarasamningi, en heimilt er skólastjóra að skipuleggja vinnu kennara utan starfstíma skólans að fengnu samþykki þeirra.

16. gr.

Stjórn tónlistarskólans boðar árlega til samráðsfundar með fulltrúum starfandi tónlistarfélaga á Akureyri.

17. gr.

Reglugerð þessi er samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar hinn 1. desember 1987 og staðfestist hér með sbr. heimild í lögum nr. 75/1985.

Menntamálaráðuneytið, 13. júlí 1988.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

REGLUR

**um breytingu á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra
skipa nr. 325/1985, sbr. nr. 171/1987 og nr. 80/1988.**

1. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein, 11.7 sem orðist svo:

Í öllum skipum 24 m að lengd eða lengri og öllum tvíþilja fiskiskipum skal vera kaðalstigi af viðurkenndri gerð.

2. gr.

Við reglurnar bætist ný grein, sem verði 19. gr. jafnframt því sem núverandi 19. gr. verði 20. gr.:

Öryggislitur á stýrishúsum fiskiskipa.

Öll skip allt að 15 m að lengd skulu máluð öryggislit á stýrishúsi, sem hér segir:

Við þakbrún stýrishúss skal vera rönd með öryggislit. Röndin skal ná í kringum stýrishúsið og vera að minnsta kosti 15 cm breið. Öryggisliturinn skal uppfylla eftirfarandi gildi skv. sænska staðlinum SS 019102:

Litartónn	Y60R – Y70R
Litarstyrkur	$C \geq 90$
Sverta	$S = 00-05$

3. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 51, 30. mars 1987 um eftirlit með skipum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Gömul fiskiskip skulu fullnægja ákvæðum 2. gr. reglna þessara 1. janúar 1990.

Samgönguráðuneytið, 22. júlí 1988.

Matthías Á. Mathiesen.

Ragnhildur Hjaltadóttir.